



Fundargerð

21. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps í Sambúð, Djúpavogi, miðvikudaginn 09. september 2020 kl. 14:00. Fundinn sátu Þorbjörg Sandholt formaður, Berglind Elva Gunnlaugsdóttir, Bergþóra Birgisdóttir, Ingi Ragnarsson og Sigurjón Stefánsson. Einnig sat Greta Mjöll Samúelsdóttir, atvinnu- og menningarmálafulltrúi fundinn. Þorbjörg stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Atvinnu- og menningarfulltrúi fór yfir stöðuna
2. Minnisblað til nýrrar sveitarstjórnar
3. Önnur mál

1. Atvinnu- og menningarmálafulltrúi fór yfir stöðuna

Greta Mjöll fór yfir verkefni sem eru á hennar borði. Undirbúningur er hafin að styrkumsóknum í Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða. Nefndin felur Gretu að vinna málið áfram. Greta er komin í samtal við Vegagerðina um nákvæma staðsetningu á nýjum upplýsingaskiltum. Búið er að panta nýtt upplag af minjagripum, eggjum, sem eru væntanleg. Dagar myrkurs verða 28.október til 1.nóvember. Greta er byrjuð að skoða undirbúning að þessu dögum og þyggur alla hugmyndir, nefndin hvetur alla til að taka þátt. Skipulagsfundur vegna Daga myrkurs verður 30.september, nánari staðsetning auglýst síðar. Bóndavarðan kemur út 16.október, hugmyndir að efni má senda til Gretu á amfulltrui@djupivogur.is Cittaslow sunnudagur verður 27.september, dagskrá verður auglýst síðar. Djúpavogshreppur hefur keypt lénið, Langabúð.is. Gretu falið að koma því í góða notkun. Árið 2015 var unnið mannauðskort í Djúpavogshreppi, Gretu falið að uppfæra kortið t.d. með opnum fundi. Greta gerði grein fyrir því að hingað kom ljósmyndari í sumar sem tók skemmtilegar myndir af íbúum. Gaman væri að hafa þessar myndir sýnilegar. Gretu falið að vinna málið frekar.

2. Minnisblað til nýrrar sveitarstjórnar

Formanni og atvinnu- og menningarfulltrúa falið að vinna minnisblað sem skilað verður til nýrrar sveitarstjórnar fyrir 4.október 2020.

3. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:35.

Fundurinn er síðasti fundur Atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps. Nefndin þakkar íbúum í Djúpavogshreppi gott samstarf og hvetur þá til þátttöku í atvinnu- og menningar starfi í nýju sameinuðu sveitarfélagi.

Þorbjörg Sandholt var fundarritari